

16. marz þ. á., samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenska sambandslaga, höfðum falið bróðir Vorum elskulegum, hans konunglegu tign prins **Harald** Christian Frederik að hafa á hendi sem ríkisstjóri í fjarvist Vorri. 74
29. marz

Gjört á Amaliúborg, 29. marz 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

75

um að Ísland hafi fullgilt alþjóðasamninga, sem gerðir voru á pósthöfðinu í Kairo þann 20. marz 1934. 3. apríl

Þann 27. febrúar 1935 voru afhent í skjalasafni utanríkismálaráðuneytisins egypska, í Kairo, fullgildingarskjöl Íslands að eftirtöldum alþjóðasamningum, sem gerðir voru á pósthöfðinu í Kairo þann 20. marz 1934.

- 1) Alþjóðapóstsamningur,
- 2) Verðbréfasamningur,
- 3) Póstbögglasamningur,
- 4) Póstávisanasamningur,
- 5) Póstinnheimtusamningur.

Samningarnir gengu í gildi þann 1. janúar 1935.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 3. apríl 1935.

Haraldur Guðmundsson.

KONUNGSBRÉF

76

um frestun á fundum Alþingis. 4. apríl

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum hér með, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni